

3. gr.

Fjárhæð gjaldanna eftir tollskrárnúmerum er eftirfarandi:

| Tollskrár- númer | Verðjöfnunar- gjald kr/kg | Tollskrár- númer | Verðjöfnunar- gjald kr/kg | Tollskrár- númer | Verðjöfnunar- gjald kr/kg | Tollskrár- númer | Verðjöfnunar- gjald kr/kg |
|---------------------|---------------------------------|---------------------|---------------------------------|---------------------|---------------------------------|---------------------|---------------------------------|
| 0402.1000 | 161 | 0403.9003 | 28 | 0406.3000 | 312 | 1905.9051 | 99 |
| 0403.1001 | 66 | 0403.9004 | 108 | 0406.9000 | 244 | 1905.9059 | 68 |
| 0403.1003 | 34 | 0403.9009 | 183 | 1602.4900 | 108 | 2202.9001 | 42 |
| 0403.9001 | 28 | 0405.0000 | 251 | 1901.2023 | 99 | | |
| 0403.9002 | 28 | 0406.2000 | 388 | 1901.2024 | 68 | | |

4. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vörflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

5. gr.

Skil á innheimtu verðjöfnunargjaldi skv. reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 34/1994 og öðlast gildi 1. ágúst 1994. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir um sama efni nr. 214/1994 og 365/1994.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. júlí 1994.

F. h. r.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Guðmundur Sigþórsson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands.

1. gr.

Veðurstofa Íslands skal taka gjöld skv. gjaldskrá þessari og skulu þau standa undir kostnaði stofnunarinnar við þar tilgreinda þjónustu.

2. gr.

| Vottorð um veður: | kr. |
|----------------------------------------|-------|
| 2.1. Grunn gjald | 3.000 |
| 2.2. Hvert atriði í veðurathugun | 15 |
| 2.3. Hvert spásvæði í veðurspá/yfirlit | 500 |

3. gr.

Útseld vinna.

| | |
|---------------------------------------------------|------------|
| | kr. |
| 3.1. Sérfræðingur (á klst.) | 3.500 |
| 3.2. Aðstoðarmenn sérfræðinga og aðrir starfsmenn | 2.000 |

4. gr.

Sérþjónusta við fjölmiðla:

| | Stakt kort pr. stk. kr. | Föst áskrift pr. stk. kr. |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------|------------------------------------------|
| 4.1. Handteiknað spákort fyrir Ísland með stuttum texta. | 1.870 | 1.440 |
| 4.2. Handteiknað yfirlitskort (greining) með þrýstikerfum, skilum auk örva um tilfærslur | 720 | 570 |
| 4.3. Handteiknað yfirlitsspákort (t.d. 24 stunda spá með skilum, þrýstilínunum og kerfum). | 2.470 | 1.880 |
| 4.4. Fullunnið spákort fyrir Ísland með stuttum texta sbr. 4.1. unnið í tölvu og tilbúið til setningar í dagblöð. | 3.620 | 2.750 |
| 4.5. Fullunnið yfirlitskort sbr. 4.2. tilbúið til setningar í dagblöð. | 1.320 | 1.020 |
| 4.6. Fullunnið yfirlitsspákort sbr. 4.3. tilbúið til setningar í dagblöð. | 3.620 | 2.750 |
| 4.7. Sérspá fyrir ákveðinn stað (sent sem texti) | 1.000 | 880 |

5. gr.

Sérþjónusta við einstaklinga eða einstök fyrirtæki:

| | Stakt | Föst áskrift |
|-------------------------------------------------------------|--------------|---------------------|
| 5.1. Veðurspá fyrir ákveðinn stað og pr. sólarhring (texti) | 420 | 350 |
| 5.2. Tilbúin innlend eða erlend kort send á bréfsíma | 120 | 120 |

6. gr.

Notkun á flugveðurgögnum frá tölvukerfi Veðurstofu (Veðurboði); -mánaðargjald.

| | kr. |
|------------------------------------------------------------------------------|------------|
| 6.1. Samband við fjarskiptakerfi Veðurstofu og allt að 100.000 stafir | 500 |
| 6.2. Gjöld fyrir gögn umfram 100.000 stafi, fyrir hverja byrjaða 1.000 stafi | 13 |

7. gr.

Árgjald áskriftar Veðráttunnar;

| | |
|-----------------|-------------------------------|
| 1993 | kr. 1.700 (13 tölublöð á ári) |
| Eldri árgangar: | |
| 1924-1956 | kr. 400 |
| 1957-1992 | kr. 1.000 |

Áskrift sérstakra mánaðarblaða sem gefin eru út eftir hver mánaðarmót:
kr. 2.900 á ári.

Töfluútskriftir:

Grunngjald kr. 500

Hvert viðbótarblað kr. 50

Aðrir gjaldmiðlar í hlutfalli við gengi hvers tíma.

8. gr.

Óheimilt er með hvaða hætti sem er að birta og endurprenta þau gögn sem látin eru í té skv. gjaldskrá þessari nema fyrir liggi heimild Veðurstofu Íslands.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands öðlast gildi 1. ágúst 1994. Þá fellur úr gildi gjaldskrá nr. 248/1988 með sama heiti.

Umhverfissráðuneytið, 26. júlí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 294/1987.

1. gr.

62. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrjú aðalfulltrúa og þrjú til vara úr hópi bæjarstjórnarmanna sbr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skóðunarmenn.* Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara sbr. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn* við alþingiskosningar. Þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara br. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. *Vinnumiðlun.* Þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara úr hópi bæjarstjórnarmanna sbr. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun og skulu það vera aðal- og varamenn í bæjarráði á hverjum tíma. Nefndin er auk þess skipuð tveimur öðrum tilnefndum af félögum launþega og hinum úr hópi atvinnurekenda á staðnum.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Byggingar- og brunamálaneftnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um byggingamál sbr. byggingalög nr. 54/1978 og fer með brunamál sbr. 4. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál. Jafnframt er nefndin bæjarstjórn og bæjarráði til ráðgjafar um viðhald eigna og mannvirkja bæjarins.
3. *Félagsmálaneftnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með stjórn félagsþjónustu bæjarins sbr. lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Málefni aldraðra sbr. lög nr. 82/1989 um málefni aldraðra, jafnréttismái sbr. lög nr. 28/1991